

Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um ógildingu bæjarstjórnarúrskurðar viðvíkjandi kjörskrá. — Með brjefi 12. júní p. á., skýrði hinn páverandi setti bæjarfógeti mjer frá því, að á fundi bæjarstjórnarinnar í Reykjavík, 29. maí p. á., þegar fyrir bæjarstjórninni láu til úrskurðar, samkvæmt 13. gr. kosningarlaga til alþingis 14. sept. 1877, framkomnar kvartanir yfir kjörskrá þeirri til alþingis, er gilda á fyrir tímabilið frá 1. júlí p. á. til 30. júní 1887, hafi bæjarstjórnin, auk þess sem hún úrskurðaði um kærur þær, er fram höfðu komið, gjört þá ályktun, með meiri hluta atkvæða, að 51 maður, er alls engin kæra hafði komið frá, skyldu teknir upp á skrána, en af því að bæjarfógetinn hafi álitid að bæjarstjórnin hefði eigi vald til annars, eptir að kjörskráin hefði legið frammi um lögskipaðan tíma, en úrskurða um hinar framkomnu kvartanir yfir henni, þá hafi hann álitid, að ályktun sú, sem þannig hefði gjörð verið, væri gagnstæð lögum, sjerstaklega ákvörðunum 12. og 13. greinar kosningarlaganna til alþingis, og hafi hann því á fundinum lýst ályktunina ógilda, samkvæmt 12. gr. bæjarstjórnartilskipunarinnar 20. apríl 1872, þangað til úrskurður landshöfðingjans væri fenginn, og fór hann þess því á leit í nefndu brjefi, að jeg staðfesti ógildingu þá, er hann þannig hefði gjört.

121
4. okt.

Útaf þessu og eptir að jeg með brjefi 6. f. m. hefi meðtekið skýrslu meiri hluta bæjarstjórnarinnar, er greiddi atkvæði með hinni ógiltu ályktun, um ástæður þær, er þeir byggðu atkvæði sitt á, skal jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður, herra bæjarfógeti, til þóknanlegrar leiðbeiningar, að með því að jeg er samdóma um skilning þann á 12. og 13. gr. kosningarlaganna til alþingis, sem að ofan er tekinn fram, þá vil jeg hjer með staðfesta ofangreinda ógildingu bæjarfógetans á hinni umræddu ályktun bæjarstjórnarinnar, á fundi 29. maí p. á.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um heilbrigðisskírteini skipa. — Í þóknanlegu brjefi, 27. júlí p. á., hafid þjer, herra landshöfðingi, meðal annars spurzt fyrir um, hvort fullnægt megi álíta ákvæðum 8. gr. laga um siglingar og verzlun á Íslandi 15. apríl 1854, að því er snertir heilbrigðisvottorð þau, er þar um ræðir, ef skip þau, er til Íslands koma hafa — eins og opt kvað eiga sjer stað — heilbrigðisvottorð, sem gefin eru út af hlutadeigandi dönskum konsúl, eða hvort telja eigi þau heilbrigðisvottorð ein gild, sem gefin eru út af hlutadeigandi yfirvaldi á staðnum með árituðu vottorði hins danska konsúls, ef nokkur slíkur er þar.

122
25. sept.

Í tilefni af þessu skal eigi látið hjá líða þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að heimtað er með lagaákvörðun þeirri, sem áður var nefnd, að heilbrigðisvottorðið sje út gefið af hlutadeigandi yfirvaldi og ef nokkur danskur konsúll er þar á staðnum, þá riti hann síðan á það vottorð sitt.

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu um viðbótarlán til að fullkomna tóvinnuvjelar. — Með brjefi þessu veitti landshöfðingi sýslunefnd Suðurlandshöfðingja 3200 kr. lán úr landssjóði, í viðbót við áður veitt 1800 kr. lán, handa Magnúsi Þórarinssyni á Halldórsstöðum til að fullkomna tóvinnuvjelar, þannig að lánsviðbótin verði ávöxtuð og endurborguð á næstu 28 árum með 6% árlega.

123
13. okt.

24. dag nóvembermán. 1886.